

Fundur svæðisráðs fimmtudaginn 24. nóvember 2016, Hannesarholti við Grundarstíg í Reykjavík, kl. 13.00

Mætt: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hákon Gunnarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Erla Ívarsdóttir og Orri Páll Jóhannsson.

Jóna Björk Jónsdóttir ritar fundargerð. Gestir fundarins voru Snorri Ingimarsson og Sveinbjörn Halldórsson frá SAMÚT.

Dagskrá fundarins:

1. Sumarið 2016
2. Vonarskarð – afgreiðsla erinda frá SAMÚT og Landssamtökum hjólreiðamanna, viðbrögð við opnu bréfi Ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar ferðaklúbbsins 4x4
3. Samstarf um láglandislandvörð í Skaftárhreppi
4. Skaftárstofa og upplýsingamiðstöð í Hrauneyjum
5. Heilasársstörf á vestursvæði
6. Stjórnunar- og verndaráætlun – drög að 3. útgáfu, tillaga að breytingum er varða vestursvæði
7. Önnur mál

1. Sumarið 2016

Orri Páll fer í stórum dráttum yfir starfið sl. sumar. Starfsandinn var góður og vinnan gekk vel á öllum starfsstöðum. Starfandi þjóðgarðsvörður og aðstoðarmaður tóku viðtöl við allt starfsfólkið að loknu þeirra starfi og var útkoman góð.

Fimm starfstöðvar voru starfræktar; Skaftárstofa, Lakagígar, Eldgjá og Langisjór, Hrauneyjar og loks Nýidalur. Á liðnu sumri var 21 starfsmaður í tímabundinni ráðningu, allt frá 2 vikum í 17. Í það heila voru unnar 176 landvörsluvikur en 65 af þeim voru eyrnamerkar Skaftárstofu sérstaklega. Tímabundið viðbótarfjármagn fékkst til reksturs þriðja landvarðar á starfsstöðinni í Lakagígum á háönn (4 vikur) og gafst það mjög vel. Þá fengust einnig 19 vikur til landvörslu á Tungnaáröræfum með aðsetur í Hrauneyjum. Sú starfsstöð fékk því aukið vægi sl. sumar en á liðnum sumrum hefur henni verið sinnt, aðallega um helgar, af öðrum tveggja landvarða í Nýjadal. Í Hrauneyjum störfuðu sl. sumar tveir landverðir, annars vegar við upplýsingagjöf í Hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum frá 9.00-17.00 alla daga á tímabilinu 15. júní til 31. ágúst og hins vegar í vegalandvörslu á Tungnaáröræfum og syðri hluta Sprengisands. Mæltist þetta nýmæli vel fyrir þó vissulega hafi aukin viðvera í Hrauneyjum verið á kostnað landvörslu í Nýjadal, en frá opnun Sprengisandsleiðar og fram í miðjan september var einungis einn landvörður á þeirri starfsstöð. Úr því þarf að bæta fyrir næsta sumar.

2. Vonarskarð – afgreiðsla erinda frá SAMÚT og Landssamtaka hjólreiðamanna, viðbrögð við opnu bréfi Ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar ferðaklúbbsins 4x4
Snorri Ingimarsson og Sveinbjörn Halldórsson frá SAMÚT fylgja eftir erindi frá SAMÚT um tillögu að leið fyrir ökutæki og hesta um Vonarskarð. Gengur tillagan út á að opnað verði fyrir umferð ökutækja og hesta austan Köldukvíslar um Vonarskarð. Landssamtök Hjólreiðamanna benda á í sínu erindi að leið sú sem SAMÚT leggur til henti ekki hjólreiðamönnum og fara samtökin fram á að gönguleiðin frá Svarthöfða um Snapadal að Gjóstuklifi verði opnuð fyrir

hjólandi umferð. Í opnu bréfi Ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar ferðaklúbbsins 4x4 til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs kemur fram vilji Ferðafrelsisnefndarinnar að opnuð verði á ný aksturleiðin á áraurum í vestanverðu Vonarskarði. Eftir góða umræðu yfirgáfu gestirnir fundinn.

Afgreiðslu erindanna frá SAMÚT og Landssamtökum hjólreiðamanna var frestað til næsta fundar svæðisráðs.

Erla Ívarsdóttir yfirgefur fundinn kl. 15.50.

3. Samstarf um láglandislandvörð í Skaftárhreppi

Vatnajökulsþjóðgarður og Skaftárhreppur gerðu með sér samning um láglandislandvörslu í Skaftárhreppi sl. sumar. Landvörður var ráðinn í hóp landvarða í Skaftárstofu til að vinna að verkstjórn og uppbyggingu aðstöðu fyrir ferðamenn í Fjaðrárgljúfri auk þess sem hann gekk vaktir til móts við aðra landverði í gestastofunni. Launakostnaður (11 vikur) og rekstur á bifreið (8,5 vikur) var alfarið greiddur af sveitarfélaginu en fagleg umsjón var í höndum aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar. Verkefnið gekk vel og æskilegt er að slíkt samstarf gæti haldið áfram.

Svæðisráð vestursvæðis telur mikilvægt að þekking og reynsla starfsfólks þjóðgarðsins nýtist til samlegðaráhrifa þegar verkefni á sviði náttúrverndar og uppbyggingu innviða liggja fyrir í nærsamfélögum þjóðgarðsins. Svæðisráð hvetur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til að móta ramma um slíka samvinnu sem fyrst þannig að hægt sé að koma til móts við óskir nærsamfélagsins um faglegan stuðning við landvörslu. Innan þess ramma kæmu fram ákveðin skilyrði sem slíkur samningur þyrfti að uppfylla að hálfu samstarfsaðila.

4. Skaftárstofa og upplýsingamiðstöð í Hrauneyjum – afstaða svæðisráðs m.t.t. draga að innviðauppbyggingu næsta árs

Skaftárstofa var starfrækt frá 19. apríl til 16. október sl. Í drögum að [landsáætlun um uppbyggingu innviða](#) kemur fram að auka skuli landvörslu á árinu 2017 og Kirkjubæjarklaustur þar sérstaklega nefnt. Í nýútgefinni [skýrslu starfshóps um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Örafæa](#) kemur fram að mikilvægt sé að tryggja heilsársöfnun gestastofu á Kirkjubæjarklaustri strax á næsta ári. Svæðisráð fagnar framkomnum tillögum enda hefur það lagt áherslu á heilsársöfnun Skaftárstofu um nokkra hríð.

Á síðastliðnu vori fékkst aukafjárveiting til reksturs upplýsingamiðstöðvar í Hrauneyjum (sjá lið 1). Reynslan var góð og telur svæðisráð mikilvægt að rekstur verði tryggður á þessari starfsstöð til framtíðar. Telur svæðisráðið jafnframt mikilvægt að efla starfstöðina og beinir því til þjóðgarðsvarðar að fá Umhverfisstofnun til liðs við þjóðgarðinn þar sem stór hluti þeirra gesta sem koma í Hrauneyjar er á leið í Landmannalaugar.

5. Heilsársstörf á vestursvæði – staða þjóðgarðsvarðar og aðstoðarmanns

Snorri Baldursson þjóðgarðsvörður á vestursvæði, sem verið hefur í leyfi frá sl. áramótum, hefur nú sagt starfi sínu lausu. Hann mun taka að sér önnur verkefni hjá þjóðgarðinum. Hefur staða þjóðgarðsvarðar því verið auglýst laus til umsóknar og rennur fresturinn út þann 5.

desember nk. Orri Páll aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, sem er jafnframt starfandi þjóðgarðsvörður á vestursvæði, hefur einnig sagt starfi sínu lausu.

Fundarmenn ræddu ör mannaskipti fastráðinna starfsmanna þjóðgarðsins og hvort hægt væri að komast að því hvað valdi og hvort mögulegt sé að girða fyrir að nýir starfsmenn hætti fljótt í starfi. Ljóst er að rekstrarlega situr vestursvæðið eftir hvað varðar heilsárstörf í hlutfalli við umfang og fjölgun landvarða yfir sumarmánuðina. Heiða Guðný segir stjórnina meðvitaða um þörf fyrir meira vinnuafli en það vanti fjármagn.

Með vísan í 8. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð, hvar segir að „stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs og svæðisráð einstakra rekstrarsvæða skulu vinna saman að málefnum þjóðgarðsins og markmiðum hans“, hyggst svæðisráðið óska eftir fundi með stjórn þjóðgarðsins vegna starfsmannamála á vestursvæði.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun – drög að 3. útgáfu, tillaga að breytingum er varða vestursvæði

Þessum lið er frestað til næsta svæðisráðsfundar.

7. Önnur mál

Hákon bendir á bæta megi aðkomuna í Hólaskjóli. Þó svo að Hólaskjól sé utan þjóðgarðsmarka þá er það skilgreint sem landvörslustöð ásamt upplýsingamiðlun skv. stjórnunar- og verndaráætlun. Orri Páll segir stefnt að því að vinna deiliskipulag fyrir svæðið með rekstraraðilum. Umgengni um dvalar- og vinnusvæði landvarða þarf að vera til fyrirmyndar.

Umræður um nýja gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Svæðisráð telur mikilvægt að sveitarstjórn Skaftárhrepps eigi aðild að virku samtali um mótun og þarfagreiningu á nýrri gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Að sögn Heiðu Guðnýjar hefur Framkvæmdasýsla ríkisins og sveitarstjórn Skaftárhrepps ekki átt í virku samtali síðustu vikur þ.e. eftir að ákvörðun var tekin um staðsetningu gestastofunnar.

Umræður um landvörslu á hálendi að hausti. Svæðisráð leggur áherslu á að þegar fjallvegir eru opnir fram eftir hausti, líkt og gerðist nú í haust, þurfa landverðir að vera inn á svæðunum t.d. við Laka og Eldgjá. Landið á þessu svæði er mjög viðkvæmt og ekki þarf mikið að bera út af svo varanlegar skemmdir verði.

Fundi slitið kl. 16.55